

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 892 10. desember 1999.

1. gr.

2. gr. liður 2.1 orðist svo:

- 2.1 Félagið starfrækir talnagetraunir (lottó) undir heitunum Lottó 5/38, Jóker og Víkingalottó (Lottó 6/48), en hina síðastnefndu talnagetraun starfrækir það í samvinnu við eftirgreind talnagetraunafyrirtæki: AB Svenska Spel, Svíþjóð, Norsk Tipping A/S, Noregi, OY Veikkaus ab, Finnlandi, Dansk Tipstjeneste AS, Danmörku og AS Eesti Loto, Eistlandi. Um getraunastarfsemina gilda eftirfarandi reglur:

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast gildi 16. mars 2000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. febrúar 2000.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 516, 27. júlí 1999, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1999/2000.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5. Innfjarðarækja samtals	3.250
þ.a. Arnarfjörður	550
þ.a. Ísafjarðardjúp	1800
þ.a. Húnaflói	0
þ.a. Skagafjörður	400
þ.a. Skjálfandi	0
þ.a. Öxarfjörður	500

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. febrúar 2000.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.